



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Grænaborg

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
greinargerð leikskólastjóra	3
innra og ytra mat leikskólans	5
umbótaáætlun leikskólans 2025 - 2026	6
innra mat sólskinsdeildar 2024 - 2025	7
umbótaáætlun sólskinsdeildar 2025 - 2026	7
innra mat stjörnudeildar 2024 - 2025	8
umbótaáætlun stjörnudeildar 2025 - 2026	9
innra mat mánadeild 2025 - 2026	11
umbótaáætlun mánadeildar 2025 - 2026	11
innra mat dropadeildar 2024 - 2025	12
umbótaáætlun 2025 - 2026	13
starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	13
sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	14
foreldrasamvinna	14
skipulagsdagar, skráningardagar og leikskóladagatal	15
fylgiskjöl	16





GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Skólaárið 2024 -2025 var auðvitað alveg jafn skemmtilegt og undanfarin ár. Lögð var áhersla á að gleði og metnaður í starfseminni allri væri allsráðandi og að unnið væri með ýmiskonar fjölbreytt verkefni ný viðfangsefni innleidd og virkni allra í starfsemi Grænuborgar metin mikils. Óhætt er að segja að metnaður hafi verið auðséður í starfsmannahópnum, allir voru einbeittir að skila góðu og gróskumiklu starfi. Það sama má segja um barnahópinn, börnin iðuðu af metnaði og kátínu allt skólaárið og tóku almennt þátt í leik og starfi af ánægju. Metnaður allra sem komu að skólasterfinu var vel sjáanlegur. Í boði voru fjölbreytt verkefni sem hæfðu þroska og áhuga hjá börnum og fullorðnum innan skólans. Áhersla var lögð á að starfað væri út frá þörfum barnanna og sé stýrt áfram af þeim, þau velja og hafna og aðgangur að efnivið/námsefni var opinn og sjáanlegur. Unnið var með félagsfærni, upplýsingartækni, málörvun, hreyfingu, sjálfbærni, sjálfsefningu og svo allt hitt líka. En eins og alltaf var lögð mikil áhersla á að gleðin og sjálfssprotni leikurinn væri alltaf í fyrirrúmi.

Það voru 69 - 73 börn í Grænuborg á hverjum tíma á skólaárinu, skólinn hefur leyfi fyrir að hafa að hámarki 78 börn, af ýmsum ástæðum var ekki unnt að fara upp í hámarksfjölda þetta skólaár. Lítil hreyfing var á barnahópnum, en, eins og alltaf, þá voru nokkur börn sem hættu á skólaárinu og ný börn komu í þeirra stað. Á miðju skólaári, 1. febrúar 2025, voru skráð 69 börn í skólann sem voru fædd frá janúar 2019 til júní 2023. Börnin voru í 4,5 til 8,5 stunda vistun, flest voru skráð í 8,0 stunda vistun eða 54% þeirra. 42% barnanna voru fjöltyngd og það voru töluð 14 tungumál í barnahópnum.

Á sama tíma, 1. febrúar 2025, störfuðu 29 einstaklingar í Grænuborg, deildarstarfsfólk, sérkennarar og stjórnendur. Tuttugu af þeim voru í 100% starfi, aðrir í 50 – 96% vinnu. Það voru um það bil 3,5 – 4 stöðugildi á hverri deild, fastar stöður auk starfsmanna í undirbúnings- og veikindaaflýsingu. Ekki urðu miklar breytingar á starfsmannahópnum á skólaárinu. Í starfsmannahópnum voru 10 með leyfisbréf kennara, tveir aðstoðarleikskólakennarar auk þess samanstóð starfsmannahópurinn af ýmiskonar annarri menntun.

Nokkrir utanaðkomandi nemar voru í Grænuborg á skólaárinu t.d. frá Háskóla Íslands, nemar úr Tækniskólanum sem voru að fóta sig í íslensku (miðbærinn okkar – Inngilding nýrra Íslendinga) og nemar frá Vinnuskóla Reykjavíkur og nemi í íslensku í Mími. Auk þess komu margir gestir að skoða skólann eða til að vera nokkra daga í skólanum.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfs- og skipulagsdögum. Undirbúningstímar héldust að mestu, en stundum þurfti þó að færa þá til innan vikna. Teymi sérkennara í skólanum funduðu hálfsmánaðarlega og teymi fjölmenningar





fundaði mánaðarlega. Samstarfs- og skipulagsdagar voru nýttir í fundi og fræðslu. Haldnir voru starfsmanna- og deildafundir á öllum skipulagsdögum.

Ýmislegt var brallað og brasað fyrir utan hefðbundna deildarvinnu á skólaárinu. Deildirnar fóru í allskyns vettvangsferðir hingað og þangað um borgina og á ýmsar sýningar t.d. í Norræna húsið, í leikhús, á tónleika, á Vitatorg, í Safnahúsið, í Listasafn Reykjavíkur, í Listasafn Íslands, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, í Ásmundasafn, í bíó og margt, margt fleira. Haldin voru böll og þorrablót, sungið saman í salnum, horft á leikrit og farið í Flæði (þar sem allur leikskólinn var opinn og allir gátu farið á milli deilda) svo að eitthvað sé nefnt. Auk þess tóku börnin þátt tónleikum í Hörpu á Barnamenningarhátíð.

Skólastarfið hefur verið metið á ýmsan hátt. Innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum. Þá var verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atburði sem og þætti sem náðu til lengri tíma. Hver deild starfaði að umbótaþáttum sem voru settir fyrir árið, auk þess sem leikskólinn í heild setti umbótaþætti til að vinna að. Hluti umbótaþáttanna náðust á árinu og aðrir ekki. Farið var yfir þessa þætti á fundum skólans, þeir kynntir fyrir öllum, hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel og hvers vegna. Margir af þessum umbótaþáttum munu fylgja okkur áfram yfir á komandi skólaár. Skólinn allur mun vinna sameiginlega að ákveðum umbótaþáttum. Ekki má gleyma að nefna að börnin í leikskólanum taka þátt í að meta starf deilda á ýmsan hátt, til dæmis í umræðu, með demantamati, með stjörnugjöfum eða broskörum, en það er liður í því að bæta þann mikilvæga þátt að heyra raddir barnanna í skólastarfinu.

Við leggjum áherslu á að leikur og starf innan skólans sé metnaðarfullt en áreynslulítið og sniðið að þörfum hvers og eins, við viljum þannig draga úr óþarfa álagi sem fylgir því að vera í stórum hóp í litlu rými. Við þurfum að skapa rými og tíma til að álag á börn og starfsfólk sé lítið og vera vakandi fyrir því hvað álag er, hvað veldur álagi og hvaða tími dagsins það er sem skapar mest álag, bæði fyrir börn og fullorðna. Við ætlum að halda áfram að draga fram alla námsþætti aðalnámskrár og þætti menntastefnu Reykjavíkurborgar, þannig að öllum verði tamt að vinna samkvæmt þeim og hafi sama skilning á þeim. Við munum halda áfram að innleiða ták með tali og taka þátt í innleiðingu Heillaspora og vera þátttökuleikskóli í verkefninu Íslenskuþorp fyrir foreldra leikskólabarna með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn, auk þess sem mörg önnur verkefni munu bíða okkar á skólaárinu.

Að lokum langar mig enn og aftur til að hrósa starfsfólki, börnum og foreldrum barnanna í skólanum fyrir enn eitt frábært skólaár sem hefur liðið á jákvæðan hátt þar sem allflestir hafa mætt á hverjum degi með bros á vör og gleði í hjarta, tilbúin að mæta áskorunum og lærdómi dagsins, það eru snillingar



á öllum göngum og í hverju horni Grænuborgar, við erum svo einstaklega heppin. Ég segi því **vel gert allir og takk fyrir líðandi skólaár, ég hlakka til þess næsta!**

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Undirbúningstímar	Umræðumat og skráningar skoðaðar	Stjórnendateymi	Gengur mun betur að skrá og að halda utan um tímana
Tákn með tali	Umræðumat	Allt starfsfólk skólans	Gengur þokkalega, en má samt bæta í, verður áfram í umbótaþáttum
Mat barna	Demantamat	Börn á Sólskinsdeild	Gekk vel
Viðmið um gæðastarf – vegna menntastefnunnar	Rafrænt	Allt starfsfólk deilda	Svörun almennt um 85 – 90% starfað samkvæmt stefnunni

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sameyki í samstarfi við Gallup lagði fyrir viðhorfsskönnun í desember 2024 á meðal starfsmanna vaðandi trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi og ímynd stofunnar	Rafrænt	Allt starfsfólk	Könnunin var það umfangsmikil að of langt yrði að telja allar niðurstöðurnar fram hérna, heildareinkunn var 4,23 af 5, sem er heldur lægri einkunn en tvö seinustu ár, Hægt er að nálgast niðurstöðurnar hjá leikskólastjóra og á netinu
Viðhorf foreldra barna í leikskólum (foreldrakönnun), könnun framkvæmd af Reykjavíkurborg	Rafræn	Foreldrar barna í Grænuborg, 84,9% svarhlutfall	Könnunin í 7 yfirþætti, sem svo skiptust í nokkra undirþætti. Of langt er að telja alla þættina, en óhætt er að segja að langflestir þættir könnunarinnar voru með 4,7 eða yfir. Hægt er að nálgast allar niðurstöður í skólanum. En niðurstöðurnar styrkja okkur í að halda áfram með allt það sem gengur vel án þess þó að staðna. Margir styrkleikar en einnig góðar ábendingar sem við munum rýna í
Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu, könnun um innleiðingu á Heillaspori	Rafræn (starfsfólk) Rýnivíðtöl (foreldrar) Rýnivíðtöl (stjórnendur)	Allt starfsfólk, fulltrúar úr foreldrahópnum, stjórnendur skólans.	Ýmislegt, bæði styrkleikar og líka ábendingar um tækifæri til umbóta, sem innleiðingarhópur Heillaspora munu rýna og vinna með

UMBÓTAÁÆTLUN LEIKSKÓLANS 2025 - 2026

Samkvæmt innra mati – formlegu og óformlegu, þá hefur skólinn ákveðið að halda áfram að vinna að nokkrum umbótaáætlunum sem settar voru af stað á líðandi skólaári og á fyrri skólaárum, auk þess sem skólinn mun halda áfram innleiðingu á Heillasporum, að samræmingu á starfi og orðræðu innan skólans auk þess munum vinna með í verkefninu Íslenskuþorp í leikskólum fyrir foreldra af erlendum uppruna.

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Heillaspor innleiðing	Að styðja betur við börn á þeirra forsendum	Námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans	Stjórnenda- teymi	Haut 2024	Áfram- haldandi	Mat er innifalið í innleiðing- unni	Fer eftir því hversu vel gengur að innleiða, sjáanlegar samræmdar leiðir í starfinu sem skapa innri ró fyrir alla
Huga að rýmum skólans og nýtingu þeirra t.d. salur og listasmiðja	Betri nýting á rýmum	Samræður á deildum og á milli deilda, hópur skoðar matsal	Stjórnenda- teymi	Haut 2025	Óákveðið	Umræðu- mat	Betri nýting
Námssvið leikskóla samkvæmt aðal- námskrá	Halda öllum námsviðum leikskóla samkvæmt aðalnám- skrá betur á lofti. Áfram- haldandi vinna frá undan- förnum árum.	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnenda- teymi leikskólans	2023	2026	Samtal	Allir meira meðvitaðir um aðal- námskrá og ígrundaðra starf með námssviðin í huga
Mennta- stefnan ígrunda betur	Vinna með þá þætti sem má bæta samkvæmt innra mati og gátlistum mennta- stefnunnar. Áfram- haldandi vinna frá undan- förnum árum	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnenda- teymi leikskólans	2022	2026	Gátlistinn lagður aftur fyrir	Meiri þekking og markviss vinna



Íslensku- þorp í leikskólum	Huga að leiðum til að aðstoða erlenda foreldra leikskóla- barna í íslensku- námi	Öruggari foreldrar	Teymi	Er hafið	2026	umræður	Meiri íslensku- kunnátta erlendra foreldra
-----------------------------------	--	-----------------------	-------	----------	------	---------	--

INNRA MAT SÓLSKINSDEILDAR 2024 - 2025

Styrkleikar

Á Sólskinsdeild hefur unnið sami hópur starfsfólks undanfarin ár og munum vinna saman að því að gera starfið á deildinni enn betra.

Á síðasta ári var farið í gegnum leikefni deildarinnar, það minnkað til muna, skápar færðir til svo nú er öll deildin rýmri og betra gólfpláss.

Tækifæri

Í vetur ætlum við að halda áfram að einbeita okkur að leiknum og hvernig við getum kennt sem mest í gegnum hann.

Okkur langar að koma á laggirnar matstofu fyrir allavega tvær eldri deildir skólans. Við trúum að það muni skapa skemmtilegt flæði, meiri ró og enn meira rými fyrir leik og góða og gefandi samveru á báðum deildum. Meira um það síðar.

Við höldum áfram að nota ferðir sem kennslutæki, vinna með þær og upplifanir barnanna í skólanum og þróa frekara samstarf við mennta- og menningarstofnanir sem við heimsækjum.

Við munum leggja áherslu á Heillasporavinnu skólans og aðlaga húsnæði, skipulag og vinnulag deildar til að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda, starfsfólks og foreldra deildarinnar.

Við munum setja mikinn kraft í skráningar á námi og þroska barnanna og vinnum áfram með innra mat barnanna sjálfra á starfinu. Undirbúningstímar deildarinnar munu fara í það að sinna þessum verkefnum sem og skipulagi almenns og kennarastýrðu starfi deildarinnar.

UMBÓTAÁÆTLUN SÓLSKINSDEILDAR 2025 - 2026

Sólskinsdeild, börn fædd 2020 og 2021	
Umbótapáttur	Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla íslensku-kunnáttu fjöltyngdra barna og einnig að passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allt starfsfólk deildar sé meðvitað um það að setja orð á alla hluti, notumst við myndrænt dagskiplag, sögur sagðar, mikið sungið og farið með kvæði og ljóð og einnig er mikilvægt að nota opnar spurningar í



	samtölum við börnin. Allir gera eins vel og þeir geta í þessum efnum. Auk ofan talinna atriða má nefna málörvunarstundir, Lubba, ritmál, stafur /hljóð vikunnar, notast við rím og klapp o.m.fl. Notum „Gefðu 10!“. Höfum skráningu sýnilega og erum dugleg að minna hvert annað á.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025 – 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Förum yfir hvernig gangi á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur. Og viðmið um árangur er þegar að við sjáum að börnin nota setningar með sífellt fleiri orðum og tjái sig vel á íslensku.

Sólskinsdeild, börn fædd 2020 og 2021	
Umbótapáttur	Að efla notkun á tákni með tali með börnum og starfsfólki deildarinnar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börn og starfsfólk læri og temji sér að nota tákni með tali í öllu starfi deildarinnar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Notum heimasíðu TMT. orð/tákni með tali vikunnar. Lærum tákni og notum þau þegar við tölum við börnin, hvert annað, t.d. í leik, við matarborðið, í fataklefanum og les- og söngstundum. Börn og starfsfólk fá sitt tákni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025 – 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Farið yfir notkun TMT á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur. Og viðmið um árangur sjáum við á því að starfsfólki og börnum sé orðið samt að nota TMT samhliða íslenskunni í leik og starfi.

Sólskinsdeild, börn fædd 2020 og 2021	
Umbótapáttur	Félagsfærni og sjálfsefning.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpssemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin til að gera allt sjálf og nýta styrkleika sína.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025 – 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildarfundum yfir árið. Sem viðmið um árangur sjáum við á því að börnum líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu umhverfi. Börn öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmynd. Að börnin verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

INNRA MAT STJÖRNUDEILDAR 2024 - 2025

Styrkleikar

Það gekk vel að vinna eftir einkunnarorðum deildarinnar; sjálfstæði – jákvæðni – vinátta. Þannig náðust markmið deildarinnar, að börnunum líði vel í skólanum, yrðu sjálfstæð og sjálfsörugg og eflust félagslega. Að kenna í gegnum leikinn virkar vel og börnin stjórnuðu sjálf áherslum okkar í námi, við byggðum námið á því að nýta styrkleika þeirra og áhugasvið til að efla þau þar sem þurfti, sem vini, nemendur og einstaklinga.

Við vorum dugleg að nota og leggja inn meira af TMT, málörvun var markviss og sýnileg í gegnum allt dagsskipulag deildarinnar. Kennsluefni Lubba var notað í hverri viku og þær stundir voru vinsælar og skemmtilegar. Leikurinn fékk eins mikið pláss og hægt var og við græddum öll mikið á því.



Upplifunar/ævintýraferðir Stjörnudeildar voru farnar næstum í hverri viku og þar var tækifæri til að kenna mikið og læra mikið. Börnin nutu ferðanna og lærðu eitthvað nýtt í hverri þeirra. Í hverri heimsókn fengu þau hrós fyrir að vera flottir gestir, áhugasöm, fróðleiksfús, forvitin og kurteis. Við unnum svo með ferðirnar í skólanum, í sköpun, tónlist, samtölum og leik.

Allt starfsfólk deildar á árinu var með mikla reynslu í starfi og græddum við á því og þess vegna gengu dagarnir smurt fyrir sig, samvinna var góð og við glöð í vinnunni.

Tækifæri

Í vetur ætlum við að halda áfram að einbeita okkur að leiknum og hvernig við getum kennt sem mest í gegnum hann.

Okkur langar að koma á laggirnar matstofu fyrir allavega tvær eldri deildir skólans. Við trúum að það muni skapa skemmtilegt flæði, meiri ró og enn meira rými fyrir leik og góða og gefandi samveru á báðum deildum. Meira um það síðar.

Við höldum áfram að nota ferðir sem kennslutæki, vinna með þær og upplifanir barnanna í skólanum og þróa frekara samstarf við mennta- og menningarstofnanir sem við heimsækjum.

Við munum leggja áherslu á Heillasporavinnu skólans og aðlaga húsnæði, skipulag og vinnulag deildar til að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda, starfsfólks og foreldra deildarinnar.

Við munum setja mikinn kraft í skráningar á námi og þroska barnanna og vinnum áfram með innra mat barnanna sjálfra á starfinu. Undirbúningstímar deildarinnar munu fara í það sinna þessum verkefnum sem og skipulagi almenns og kennarastýrðu

UMBÓTAÁÆTLUN STJÖRNUDEILDAR 2025 - 2026

Stjörnudeild, 3-4 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t)	Vera markvissari og skilvirkari í skráningum á námi og þroska barnanna og innra mati þeirra.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að við skipulega og jafnóðum gerum skráningar um starfið og nám og þroska barnanna. Notum innra matið markvisst. Við viljum hafa að hver nemandi sé með að minnsta kosti 8 skráningar um nám sitt og þroska í lok skólaárs. Auk þeirra verða hópskráningar sem eru gerðar eins fyrir öll börnin.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setjum inn á undirbúningsplön. Skiptum með okkur verkum. Ákveðum fyrirfram hvað við viljum skrá. Gefum okkur tíma til að gera skráningarnar. Sammælumst um hvernig við ætlum að gera skráningarnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-ágúst 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Ákveðum hvað við viljum hafa sem fastar skráningar á deildarfundi að hausti. Skoðum í lok hvers mánaðar hvort að skráningar séu tilbúnar.



Stjörnudeild	
Umbótapáttur/matspáttur	Innleiðing Heillaspora í Grænuborg.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota hugmyndafræði Heillaspora. Að foreldrar og starfsfólk viti almennilega hvað verkefnið snýst um og hvers vegna við erum að breyta sumu í starfi og skipulagi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla og vinna tengd henni. Fyrirlestrar og fleira. Innlagnir á starfsmanna-, deildarstjóra- og deildarfundum.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-ágúst 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Farið yfir skráningar, athugasemdir, ábendingar og viðtöl á fundum yfir árið.

Stjörnudeild	
Umbótapáttur/matspáttur	Félagsfærni og sjálfsefning – Menntastefna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, séu örugg og sjálfstæð - Að vinasambönd styrkist, börnin séu örugg og glöð, uni sér í leik og geti sjálf unnið úr samskiptavandræðum sem koma upp, að þau séu stolt af sjálfum sér
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpssemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera allt sjálf. Hjálpum þeim að ná nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínum, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildarfundum, viðtöl við börnin,

Stjörnudeild	
Umbótapáttur/matspáttur	Matstofa. Færa matartímann í hádeginu í nýjan búning með meira frelsi og flæði.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að tvær eldri deildir skólans verði með sameiginlega matstofu í sal skólans. Þá ætti að myndast meiri rými fyrir leik og starf, það verður meira flæði í leiknum og meira frelsi í starfinu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með mikilli samvinnu deildanna og opnum hug. Fá borð í salinn, skipuleggja og lesa skýrslur frá öðrum skólum, fá ráðleggingar og hugmyndir.
Ábyrgð	Styrmir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.janúar 2026 og vonandi til frambúðar ef vel gengur.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Við vinnum rannsóknarstarf og forvinnu á haustönn, reynum að finna lausnir sem henta öllum. Rætt á matsfundum, deildafundum og starfsmannafundum.

Stjörnudeild	
Umbótapáttur/matspáttur	Innleiðing Heillaspora í Grænuborg.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota hugmyndafræði Heillaspora. Að foreldrar og starfsfólk viti almennilega hvað verkefnið snýst um og hvers vegna við erum að breyta sumu í starfi og skipulagi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla og vinna tengd henni. Fyrirlestrar og fleira. Innlagnir á starfsmanna-, deildarstjóra- og deildarfundum.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-ágúst 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Farið yfir skráningar, athugasemdir, ábendingar og viðtöl á fundum yfir árið.

Stjórndeild	
Umbótapáttur/matspáttur	Matstofa. Færa matartímann í hádeginu í nýjan búning með meira frelsi og flæði.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að tvær eldri deildir skólans verði með sameiginlega matstofu í sal skólans. Þá ætti að myndast meiri rými fyrir leik og starf, það verður meira flæði í leiknum og meira frelsi í starfinu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með mikilli samvinnu deildanna og opnum hug. Fá borð í salinn, skipuleggja og lesa skýrslur frá öðrum skólum, fá ráðleggingar og hugmyndir.
Ábyrgð	Styrmir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.janúar 2026 og vonandi til frambúðar ef vel gengur.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Við vinnum rannsóknarstarf og forvinnu á haustönn, reynum að finna lausnir sem henta öllum. Rætt á matsfundum, deildafundum og starfsmannafundum.

INNRA MAT MÁNADEILD 2025 - 2026

Styrkleikar

Við höfum gert mörg ný atriði til að bæta deildina okkar og það hefur nú orðið styrkur:

- Deildin er björt,
- Yfirleitt snyrtileg,
- Leikföngin eru aðgengilegri og auðvelt fyrir er fyrir börnin að nálgast þau
- Við erum að nýta allt pláss í deildinni betur
- Við höfum einnig fjárfest mikið í fataklefanum til að leyfa okkur að skipta hópnum. Hann er nú orðinn pláss sem bæði þjónar til að geyma persónulegar eigur barnanna og einnig sem notalegt og þægilegt leiksvæði fyrir þau.

Við erum öflugt teymi sem er alltaf að leita leiða til að bæta okkur og skipuleggja pláss og tímann sem við verjum með börnunum á sem bestan hátt, svo það verði ánægjulegt fyrir bæði börnin og fullorðna.

Tækifæri

Við þurfum að einbeita okkur að samskiptum. Auka og bæta samskipti innan teymisins og innan skólans til að hafa verkefnaskiptinguna ennþá betri.

UMBÓTAÁÆTLUN MÁNAEILDAR 2025 - 2026

Mánadeild – næst yngsta deild skólans			
Umbótapáttur/matspáttur	halda áfram með Heillaspor	Að efla notkun á tákni með tali með börnum og starfsfólki deildarinnar	Að byggja upp snjalla tímaáætlun sem bæði teymið og börnin geta treyst á.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að byggja upp umhyggjusamt og stuðningsríkt umhverfi fyrir alla í skólanum (kennara og börn), sem gerir öllum kleift að vaxa og dafna í rólegu, þægilegu og þægilegu andrúmslofti innan skólans	Að börn og starfsfólk læri og temji sér að nota tákni með tali	Markmið okkar er að kennarar í deildinni viti alltaf hvaða verkefni eigi að bjóða. Að börnin hafi aðgang að þessum tímaáætlunum og geti

	sem einkennist af trausti		fundið sinn stað í vikunni. Og að allir sem koma til aðstoðar í deildinni geti vísað í þessa tímaáætlun. Tímaáætlun sem gerir kleift að bjóða markvissari verkefni og minnkar soun á tíma.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að íhuga verkefni sem Heillaspor-nefndin leggur til og smám saman innleiða nauðsynlegar breytingar til að bæta umhverfið.	Að nota tákn með tali á hverjum degi	Gerð tímaáætlunar með aðskildum verkefnum og skýrt skilgreindum tímaáskilum, sem verður sýnd í hæð sem bæði börn og fullorðnir hafa aðgang að.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 og áframhaldandi	Haust 2025 og áframhaldandi	Að vinna að þróun tímaáætlunarinnar sem teymi, byrjað í lok ágúst
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fundir, óformlegt mat, samtalsmat um hvernig við getum bætt og hvað við erum að gera vel	Við munum sjá hvort og hvernig börnin sem tala ekki íslensku byrja að nota táknin til að byrja samskipti.	Fundir

INNRA MAT DROPADÉILDAR 2024 - 2025

Styrkleikar

Á Dropadeild hófst aðlögun nýrra barna strax í byrjun skólaársins og var lokið í september. Á deildinni voru fyrir 3 börn en 9 börn bættust við hópinn í ágúst og september og voru börnin 12 talsins allan veturinn. Tíu börn voru fædd árið 2022 og tvö börn voru fædd 2023 og var aldursbilið nokkuð breitt eða 15 mánuðir á milli elsta og yngsta og skiptist hópinn í 7 stráka og 5 stelpur.

Á deildinni voru ýmist 3-4 starfsmenn og nýttum við tímann vel þegar starfsmenn voru 4. Þá fórum við með börnin í fámennum hópum í vettvangsferð og nýttum tímann einnig vel í verkefni þar sem hægt var að leyfa börnunum að njóta sín í fámennum hópum.

Í vetur lögðum við mikla áherslu á sjálfsprottna leikinn og var gaman að sjá um vorið hversu öflugur hópinn var í samleik, hlutverkaleik og ímyndunarleik. Brunabjallan var mikið að stríða okkur yfir veturinn og voru börnin mikið í leik þar sem kviknaði eldur sem þau þurftu að slökkva og þar fram eftir götum. Við lögðum einnig áherslu á hlutverk kennarans í leiknum, þ.e. að vera á hliðarlínunni, vera á gólfinu og styðja við leik þeirra.

Málörvun var einnig einn áhersluþátturinn hjá okkur og nýttum við samverustundirnar vel í alls konar söng, sögur, rím, gátur, að klappa atkvæði og fleira með það að markmiði að efla orðaforða, málskilning og hljóðkerfisvitund barnanna.

Börnin voru hvött til að gera sjálf og strax frá byrjun vetrar gengu börnin sjálf frá eftir sig í matartímum. Þegar fór að vora var lögð ríkari áherslu á að efla sjálfshjálpi barnanna t.d. í fataherberginu og reyndum við að taka börnin í fámennum hópum í fataherbergið til að veita þeim það rými sem þarf til að gera sjálf.

Tækifæri

Næsta skólaár verða börnin 15 en ekki 12 eins og í vetur. Við munum þurfa að vera enn duglegri að skipta hópnum og nýta þau rými sem við höfum.

Við viljum leggja enn ríkari áherslu á fataherbergið og taka fá börn í einu svo það myndist ekki of mikil ringulreið þegar verið er að fara út og koma inn. Sniðugt væri að hafa útiföt inni á deild til að leika með og þannig eflast börnin í því að klæða sig sjálf þegar það er orðið hluti af leiknum.

Sjónrænt skipulagt er eitthvað sem við getum bætt okkur verulega í og ætlum að leggja áherslu á að nota á hverjum degi.

Rými fyrir sjálfsprottinn leik - við ætlum að halda áfram að gefa gott rými fyrir leik barnanna og þá sérstaklega sjálfsprottinn leik þar sem börnin læra mest í gegnum sjálfan leikinn.

UMBÓTAÁÆTLUN 2025 - 2026

Dropadeild – yngsta deild skólans	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla og styðja við þátttöku barnanna í sjálfsprottum leik.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Veita mikið rými til sjálfsprottins leiks þar sem börnin læra í gegnum leikinn og efla félagsleg tengsl sín á milli.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera dugleg að skipta hópnum upp í smærri hópa og nýta rýmin okkar vel.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum um hvernig tekst til og hvað megi gera betur.

Dropadeild – yngsta deild skólans	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla sjálfshjálpi barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla færni barnanna til að gera sjálf.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að við gefum okkur tíma, t.d. í fataherberginu til að börnin fái tækifæri til að reyna að gera sjálf.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum um hvernig tekst til og hvað megi gera betur.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA ALMENNT ÚT FRÁ UMBÓTAÞÁTTUM LEIKSKÓLANS.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári, þau voru í júní/júlí 2025, leikskólastjóri hélt utan um, flest starfsfólk kom í samtal.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á líðandi skólaári, þar má helst nefna:



Hvaða námskeið og haldið af hverjum

Íslenskukennsla í HÍ

Nám í leikskólakennarafræðum við HÍ og HA

Farsældardagar, haldið af Reykjavíkurborg

Námskeiðsdagur í Heillasporum, Miðstöð menntunnar og skólaþjónustu sá um

Lærdómssamfélag fjölmenningarkennara, Skóla- og frístundasvið stýrði því

Lærdómssamfélag sérkennslustjóra, Skóla- og frístundasvið sá um

Torgið, mörg og margvísleg námskeið

Division for early childhood, ráðstefna haldin í New Orleans 5 dagar

Ýmsir fyrirlestrar frá menntavísindasviðs HA á degi leikskólans

Pecs námskeið, myndrænt boðskiptakerfi, haldið af Sigrúnu Kristjánsdóttir

Widget online, mixtúra sá um

ADHD í leikskólastjarfi, ADHD samtökin sá um

Hverjir sóttu

Fjórir starfsmenn leikskólans

Tveir starfsmenn

Leikskólastjóri

Allt starfsfólk skólans

Verkefnastjóri fjölmenningar

Sérkennslustjóri

Allt starfsfólk skólans

5 sérkennarar við skólann

Flest starfsfólk skólans

Einn sérkennari skólans

Einn sérkennari skólans

3 starfsmenn skólans

Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun að svo stöddu um allt fræðsluefni fyrir komandi skólaár, fyrir utan námskeið vegna verkefna sem skólinn tekur þátt í, Heillaspor og Íslenskuþorp. Auk þess sem starfsfólk skólans mun halda áfram að sækja þau námskeið sem verða í boði á hinum ýmsu stöðum, námskeið sem eru í tengingu við starfið í skólanum og námskeið í því sem þau hafa hug á að læra betur um.

SÉRSTAKAR ÁHERSLUR Í SAMSTARFI LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Grænaborg hefur verið í samstarf við Austurbæjarskóla og Draumaland, frístundaheimili, undanfarið ár. Samstarfið hefur verið með þeim hætti að elstu börn Grænuborgar og 1. bekkur Austurbæjarskóla hafa farið í heimsóknir sín á milli. Auk þess höfum við unnið að sameiginlegu þema og verið með uppskeruhátíð – myndlistarsýningu og söng. Austurbæjarskóli býður elstu börnum Grænuborgar í formlega heimsókn í maí, til að skoða skólann og hitta tilvonandi kennara þeirra.

Grænaborg skilar til grunnskólans upplýsingum um börn sem fara á milli skólastiga.

FORELDRASAMVINNA

Foreldrasamvinna á skólaárinu verður með líku sniði og verið hefur undanfarin ár. Boðið verður upp á kynningu fyrir foreldra á hverri deild fyrir sig seinnipartinn í september og boðið verður upp á tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu. Auðvitað mun samvinna við foreldrana mest vera dags dagslega





Þegar foreldrar koma með og sækja börnin. Foreldrar fá pósta frá deildum um það sem stendur til að gera eða hvað deildin hefur verið að gera. Myndir af deildarstarfinu eru settar inn á Völu. Af og til er foreldrum boðið að koma í heimsóknir í skólann, fá sér kaffi eða graut. Okkur finnst mikilvægt að eiga gott og náð samband við foreldra barnanna og leggjum áherslu á að koma upplýsingum til þeirra og fá upplýsingar frá þeim.

Í skólanum starfar foreldrafélag, í stjórn þess eru foreldrar, auk fulltrúa frá skólanum. Stjórnin fundar um það bil mánaðarlega, þau rukka foreldra um gjald tvisvar yfir árið, sá peningur er notaður til að fjármagna viðburði sem eru til hliðar við hefðbundið skólastarf.

Samkvæmt lögum starfar líka foreldraráð í skólanum, ráðið hittist eftir þörfum.

Við stefnum að því að varðveita það góða samstarf sem við höfum átt við foreldra barna í skólanum og ýta undir mikilvægi þess.

SKIPULAGSDAGAR, SKRÁNINGARDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Eftirtalda daga verður lokað í Grænuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga, ýmist er lokað í heilan dag eða hálfan dag frá kl. 12.30. **Birt með fyrirvara um breytingar:**

22. ágúst 2025, föstudagur, heill dagur

2. október 2025, fimmtudagur, heill dagur, sameiginlegur dagur í skólum í veturbæ, miðbæ og hliðum.

28. nóvember 2025, föstudagur hálfur dagur, eftir hádegi

6. febrúar 2026, fimmtudagur, heill dagur, sameiginlegur dagur í skólum í Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum

27. mars 2026, föstudagur, heill dagur

4. maí 2026, miðvikudagur, heill dagur, sameiginlegur dagur í skólum í vesturbæ, miðbæ, hliðum

7. júlí 2026, þriðjudagur, hálfur dagur eftir hádegi

Skráningardagar eru þeir dagar sem öll börn í skólanum eru skráð í frí, en hægt er að sækja um viðveru fyrir börnin þá daga, það er gert í Völunni. Eftirtalda daga verða skráningardagar skólaárið 2025 – 2026:

Föstudaginn 24., mánudaginn 27., og þriðjudaginn 28. október 2025

Mánudaginn 29. og þriðjudaginn 30. desember 2025

Fimmtudaginn 19. og föstudaginn 20. febrúar 2026

Mánudaginn 30., þriðjudaginn 31. mars og miðvikudaginn 1. apríl 2026





FYLGISKJÖL

Skóladagatal

Demantamat Sólskinsdeildar

Umsögn foreldraráðs Grænuborgar

Fyrir hönd Grænuborgar, ágúst 2025

Gerður Sif Hauksdóttir





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Grænaborg**

Birt með fyrirvara um breytingar

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn Piparkökukaffi á Sólkinsdeild	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar Skírdagur - Alþj. dagur einhverfu	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F	Starfsdagur 1/1	2 S		2 Þ	Piparkökukaffi á Stjórnuðeild	2 F		2 M		2 M		2 F		2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M	Piparkökukaffi á Mánadeild	3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Fridagur verslunarmanna	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Piparkökukaffi á Dropadeild	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M	Starfsdagur 1/1	4 F		4 L	
5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Prettándinn Kveðjum jólin	6 F	Starfsdagur 1/1 Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F	Fyrsti dagur eftir sumarfrí	7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólan	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	Starfsdagur 1/2
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 L		9 Þ		9 F	Haustrygging Dropadeild	9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Skólaslit grunnskóla	10 F	
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska táknmálsins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	Jólaeikrit í sal	12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Upptögnardagur	14 S		14 Þ	
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16 F	Dagur málþroska- röskunar	16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur	16 M	Foreldravíðtöl hefst	16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 S		17 M		17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprennidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F	Jólaball í sal	19 M		19 F	Skráningardagar	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M	Foreldravíðtöl hefst	20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagar	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	
21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	
22 F	Starfsdagur 1/1	22 M	Haustrygging á Sólkinsdeild	22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur upphaf Göu	22 S		22 M		22 F	Umhverfisdagur	22 M		22 M	
23 L		23 Þ	Haustrygging á Stjórnuðeild	23 F		23 S		23 Þ	Þorlákssmessu	23 F	Bóndadagur Þorlákblót	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	
24 S		24 M	Haustrygging á Mánadeild	24 F	Skráningardagur	24 M	Piparkökubakstur Sólkinsdeild	24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	
25 M	Aðlögun hefst	25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ	Piparkökubakstur Stjórnuðeild	25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F	Evrópski tungumálad.	26 S		26 M	Piparkökubakstur Mánadeild	26 M	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M		27 L		27 M	Skráningardagur	27 F	Piparkökubakstur Dropadeild	27 L		27 Þ		27 F		27 F	Starfsdagur 1/1	27 M		27 M		27 L		27 M	
28 F		28 S		28 Þ	Skráningardagur	28 F	Starfsdagur 1/2	28 S		28 M		28 L	Dagur einstakra barna	28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 F				29 S	Pálmásunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F				30 M	Skráningardagur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	
31 S				31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagur			31 S				31 F	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelldi í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Sólskinsdeild 2024-2025

Innra mat

"Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við."

Aðalnámsskrá leikskóla, 2011.



Unnið af börnunum á Sólskinsdeild
vorið 2025

Innra mat vor 2025.

Rætt var við börnin um starfið í litlum hópum.

Öll börnin fengu tækifæri til að leggja sitt til málanna, flest höfðu mikið að segja og sterkar skoðanir en mismikið að sjálfsögðu. Það var gaman að heyra þeirra sýn af vinnunni í Grænuborg og á Sólskinsdeild.

Börnin fengu myndir af ýmsum svæðum skólans og ræddu tilgang þeirra, kosti og galla. Kennari spurði þau svo spurninga um starfið í skólanum og skráði niður svör barnanna.

Heilt yfir kemur innra mat deildarinnar nokkuð vel út. Börnin voru almennt jákvæð og glöð við verkefnavinnuna.

Óhætt er að segja að kennarar hafi glaðst yfir góðri sýn barnanna á skólastarfið og öðlast dýrmæta reynslu. Haldið verður áfram á sömu braut með það í huga sem börnin bentu á að mætti vera öðruvísi.

Næsta vetur verður líka reynt að koma til móts við óskir barnanna um viðbót við starfið.

Grænaborg, júní 2025

Friðrik Kristjánsson

*Byggt á innra mati
Brynju Guðrúnar Eiríksdóttur 2018.*


Hvað er það besta sem hefur gerst á Sólskinsdeild í vetur?

Apríl Emma – Sveitaferðin og lita
Ari Andrésson - Rocket
Aron Elvar – Róla og hjóla
Áróra Mai - lita
Áshildur – Sveitaferðin og legó
Baldur – Elliðárdalur og kettlingarnir í sveitaferðinni
Baldur Hrafn – Sveitaferð og elliðárdalur
Björn Ólafur - nauthólsvík
Christos – Út að leika
Elia – í nauthólsvík
Embla Sól - Hjóla
Fríða – leika og lita
Hafsteinn - sveitaferðin
Herkus – að fá kórónu á afmælinu
Ian Marco – fótbolti
Jakob Jimin - sveitaferðin
Jóhann Bessi – Huggy wuggy og ferðirnar
Katrín Emma – lita og mamma
Óliver Elí - strætó
Ragnheiður Nína – Oddný og handahlaup
Þorbergur Leó - Nauthólsvík

		
Fataklefi	Ráða sjálfur fötum, finna skóinn sinn, út á peysunni	Pollaföt, Finna ekki skó, bíða
Langigangur	Fótbolti, dansa, leika	Læti, lest, fótbolti
Hreiður	Byggja úr kubbum, rennibraut, lesa, syngja	Lesi, syngja, meiða sig í tanni
Listasmiðja	Mála, teikna,	Þegar þarf að gera eitthvað sem maður ræður ekki sjálfur
Salur	Dansa, leika, klifra, hjóla	Þegar hjól eða klifurgrind er ekki í boði
Baðherbergi	Pissa, kúka, þvo hendur	Bíða í röð, þvo hendur
Garður	Leika, hlaupa, leika með bolta	Þetta og meiða sig, þegar einhver vill ekki leika

Spurningar og svör.

- Hvað er skemmtilegt á Sólskinsdeild?
 - Segulkubbar, dagurinn í dag, leika, fótbolli
- Er eitthvað sem ykkur finnst ekki gaman á Sólskinsdeild?
 - Vont veður, þvo hendur, kríta, klifra upp í húsið úti, eiturnat leikur, kartöflur
- Hvað er uppáhaldssvæðið ykkar í Grænuborg? Af hverju?
 - Salurinn, útisvæðið, mikið pláss, hlaupa, hoppa, „gúgúgaga leik“, fótbolli
- Vantar eitthvað á Sólskinsdeild? En í Grænuborg?
 - Fleiri rólur, rennibraut með göng, trampólín, sundlaug!
- Hvað myndi ykkur langa að hafa meira/oftar?
 - Lita, dansa, salurinn, dansa í salnum
- Er eitthvað sem ykkur langar ekki gera á Sólskinsdeild?
 - Sjá kartöflur, taka mynd af mér í kassa, fara í pollaföt, allt sem ég vil ekki gera.
- Hvað finnst ykkur best við Sólskinsdeild?
 - Vinirnir, segulkubbar, plúsplús kubbar,
- Hafið þið lært eitthvað á Sólskinsdeild?
 - Mörg lög, hlæja, vera fyndinn, vera hræðilegur, skrifa nafnið mitt, eignast vini
- Hvað finnst ykkur gott að borða í leikskólanum?
 - Hakk og spagettí, tómatsúpa, pizza, hamborgari, grjónagrautur



Starfsáætlun 2025 – 2026 Grænaborg

Umsögn foreldraráðs Grænuborgar

Foreldraráð Grænuborgar skipa:

Ingunn Jónsdóttir

Páll Stefánsson

Þorbjörg Ágústs dóttir



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslurnar endurspeglast vel í starfi leikskólans. Í upphafi skýrslunnar, kaflanum greinargerð leikskólastjóra, er farið yfir síðasta skólaár og í beinu framhaldi áherslurnar 2025-2026. Þar á eftir er gerð grein fyrir innra- og ytra mati leikskólans sem inniheldur kaflaskipta starfsáætlun og er henni skipt niður eftir deildum. Af lestri starfsáætlunarinnar er ljóst að allt starfsfólk kemur að henni og einnig er ánægjulegt að sjá að þar er líka rými fyrir raddir barnanna í innra mati nemenda. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starfið á Græ nuborg.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlun Græ nuborgar er aðgengileg og auðlæsileg.



Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Lestur á starfsáætluninni veitir foreldrum almenna og góða innsýn í starfið skólaárið 2025-2026. Hún er upplýsandi fyrir það metnaðarfulla leikskólastarf sem á sér stað í Græ nuborg, gerir grein fyrir helstu áherslum heildrænt yfir allan skólann og eftir deildum, þar sem fram koma skýrar áherslur hverrar deildar. Auk þess eru sett tímasett markmið um umbætur allra deilda fyrir skólaárið 2025-2026.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Það er til fyrirmyndar og mjög þakkarvert að leikskólinn standi að og innleiði verkefni eins og Heillaspor og Íslenskuþorp í leikskólum fyrir erlenda foreldra. Foreldraráð Græ nuborgar gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina og samþykkir hana einróma.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði


Ingunnur Jónsdóttir


Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- ☐ Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- ☐ Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- ☐ Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- ☐ Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- ☐ Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- ☐ Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- ☐ Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- ☐ Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- ☐ Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



